

STEINVARI 2000

STEINVARI 2000 er terpentínuþynnنانleg akrýlbundin málning, sem hefur þá einstöku eiginleika að vera þétt gegn vatni í fljótandi ástandi, en hleypa raka í loftkenndu ástandi vel í gegnum sig eða um tvöfalt betur en hefðbundin plastmálning.



STEINVARI 2000 fullnægir ítrustu kröfum um yfirborðsmeðhöndlun á múr og steinsteyptum flötum utanhúss

STEINVARI 2000 fullnægir ítrustu kröfum um yfirborðsmeðhöndlun á múr og steinsteyptum flötum utanhúss þar sem hann er gæddur eftirtöldum sérkostum.

Hleypir raka (gufu) úr steininum auðveldlega í gegnum sig. Er þéttur gegn slagregni. Er sjálfgrunnandi, þ.e. sérstök grunnun er óþörf í flestum tilvikum þótt um duftsmítandi fleti sé að ræða. Þolir regn fljótegla eftir málun. Þolir að málada sé við lágt hitastig (a.m.k. 10 stiga frost). Hefur frábært veðrunar- og alkalípol.

Litir:

STEINVARI 2000 er framleiddur í um 10 STAÐALLITUM. Auk þess er boðið upp á sérlitun, þegar um kaup á umtalsverðu magni er að ræða.

Áferð:

Slétt, mött.

Málun:

Nota má pensil, rúllu eða sprautu.

STEINVARI 2000 hentar sérlega vel til rúllunar beint á Stein. Ráðlegt er að fara 2 umferðir og fyrri umferð þá gjarnan lítillega þynnt (5-15%).

Varúðarflokkur:

2 - 1.

Þynnir:

MÍNERALTERPENTÍNA, ef þörf krefur.

Hreinsunáhalsa:

MÍNERALTERPENTÍNA.

Purrktími:

Um 1,5-2 klst.við 20°C.

Yfirmálun:

Eftir minnst 8-16 klst.

Þykkt (flæðiseigja):

Um 110-120 KU (25°C).

Eðlismassi:

Um 1,4 g/ml við (25°C), svolítið breytilegt eftir lit.

Þurrefní:

Um 72% af massa eða um 48% af rúmmáli (reiknað), svolítið breytilegt eftir lit.



Efnisnotkun:

Um 0,17 l/m² í umferð, samsvarar um 80 µm meðalþurffilmuþykkt.

Hitastig við málun:

A.m.k. -10°C til + 30°C. Flöturinn skal þó vera minnst 3°C yfir daggmörkum loftsins.

Upplýsingar þessar eru samkvæmt okkar bestu vitund. Enga ábyrgð eða tryggingu fyrir árangri er þó unnt að gefa, þar eð skilyrði við notkun eru utan takmarka okkar umráða.